

## GJALDSKRÁ

### fyrir búfjárefirlit í Hvalfjarðarsveit og Akraneskaupstað.

1. gr.

Gjald fyrir sérstaka haustskoðun sbr. 11. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl. skal miðast við tímaeiningu. Gjald á tímaeiningu sem er ein klst., er kr. 3.600.

2. gr.

Eftirlitsgjald sbr. 15. og 16. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárefirlit o.fl., skal vera kr. 5.000 á tímaeiningu.

3. gr.

Aksturskostnaður vegna ferða eftirlitsmanna sbr. 1. og 2. gr. skal greiddur af umráðamanni hlutaðeigandi búfjár. Kostnaður á hvern ekinn km miðast við gjald sem ákveðið er af ferðakostnaðarnefnd fjármálaráðuneytisins.

Virðisaukaskattur reiknast aukalega á hverja gjaldtöku skv. 1. og 2. gr.

4. gr.

Endurskoðun gjaldskrár þessarar skal fara fram við afgreiðslu fjárhagsáætlunar sveitarfélaganna ár hvert.

5. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt hefur verið við tvær umræður af sveitarstjórnnum Hvalfjarðarsveitar og Akraneskaupstaðar, er sett með heimild í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl og tekur þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir búfjárefirlit á Akranesi nr. 218/2004.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 26. apríl 2007.*

F. h. r.

**Hákon Sigurgrímsson.**

\_\_\_\_\_  
*Arnór Snæbjörnsson.*